



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Alþingi allsherjar- og menntamálanefnd	26. nóvember 2019	19110028
Austurstræti 8-10		11.01
150 Reykjavík		GJJ

Umsögn um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara – 362. mál, þskj. 431

Ríkisendurskoðandi hefur þann 19. nóvember 2019 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný lög um vernd uppljóstrara þ.e. þá sem greina í góðri trú frá upplýsingum eða miðla gögnum um brot á lögum eða aðra árnælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda þeirra. Frumvarpið kveður á um að uppljóstrun sem uppfyllir tiltekin skilyrði teljist ekki brot á trúnaðar- eða þagnarskyldum og leggi hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á hann og geti heldur ekki leitt til stjórnsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að nýju ákvæði verði bætt við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga þar sem kveðið verði á um heimildir til að greina ríkisendurskoðanda frá upplýsingum og afhenda gögn. Sambærileg heimild hefur verið lögfest í lögum um umboðsmann Alþingis.

Rétt er að benda á að fjölmargar ábendingar berast embættinu í dag þó svo að umrædd heimild til uppljóstrunar sé ekki lögfest. Þær ábendingar sem berast fara í sérstakt ferli þar sem efni þeirra er metið og eftir atvikum eru þær áframsendar til viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar til frekari meðferðar. Í algjörum undantekningartilfellum verða ábendingar tilefni sérstakrar skoðunar hjá Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðandi gerir ekki athugasemdir við að umræddu ákvæði verði bætt við lög 46/2016 standi vilji löggjafans til þess og mun, verði ákvæðið lögfest, setja upp viðeigandi ferla svo unnt verði að sinna verkefninu í samræmi við lög. Í þessu sambandi er þó bent á að ríkisendurskoðandi er sjálfstæður í störfum sínum og

ákveður sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögum nr. 46/2016 sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna.

Að lokum er vakin athygli á að embættið er undirstofnun Alþingis og sinnir ákveðnu eftirliti í umboði þess. Alla jafna er það forsætisnefnd þingsins sem á frumkvæðið að breytingum á starfsskyldum og verkefnum ríkisendurskoðanda. Ríkisendurskoðandi gerir ráð fyrir því að forsætisráðuneytið hafi haft samráð við forsætisnefnd Alþingis vegna þeirra breytinga sem frumvarpið mælir fyrir um á lögum nr. 46/2016

Virðingarfyllst,

Elceili Sýrpu Þórhalls
Audnir J. Jónsd.